

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Vogabyggð, svæði 1 – Stefnisvogur 54 – USK25070041.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 14. október 2025, breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar, svæðis 1, vegna lóðarinnar nr. 54 við Stefnisvog. Í breytingunni sem lögð er til felst að hækka nýtingarhlutfall lóðarinnar, fjölga íbúðum og stækka byggingarreit 6. hæðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. og sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Háskólinn í Reykjavík – breyting vegna borgarlínu og frekari uppbyggingar á svæði 1a og 1b – SN220056.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 16. október 2025, breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík vegna legu borgarlínu í gegnum svæðið og frekari uppbyggingu við háskólann. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grafarholt, svæði 1 – norðurhluti – Mariubaugur 3 – USK25100302.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 21. október 2025, breytingu á deiliskipulagi Grafarholts, svæðis 1 – norðurhluta vegna lóðarinnar nr. 3 við Maríubaug, leikskólalóð. Í breytingunni felst að skilgreindur er nýr takmarkaður byggingarreitur með auknu byggingarmagni til að koma fyrir færanlegum kennslustofum á lóð leikskólans ásamt heimild fyrir öðrum byggingum sem gætu risið fyrir leikskólann, svo sem hjólaskýli. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.173.1, Timburhúsareitur – Laugavegur 54B – USK25050441.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 28. október 2025, breytingu á deiliskipulagi reits 1.173.1, timburhúsareits, vegna lóðarinnar nr. 54B við Laugaveg. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit og hækkan á vegghæð rishæðar ásamt því að heimilt verði að koma fyrir kvistum á báðum hliðum hússins, svölum á norðurhlið og palli og bísalagi á suðurhlið. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reynisvatnsás – Döllugata 1 – USK24120088.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 5. nóvember 2025, breytingu á deiliskipulagi Reynisvatnsáss vegna lóðarinnar nr. 1 við Döllugötu. Í breytingunni felst að í stað húsgerðar Ep-Ib verði lóðin skilgreind fyrir húsgerð E-IIb, þ.e. að heimilt verði að reisa einbýlishús á tveimur hæðum á lóð í stað einbýlishúss á pöllum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 14. nóvember 2025.

Brynjar Þór Jónasson.

B deild - Útgáfudagur: 28. nóvember 2025